

L Ö G

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

8

11. marz

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 48. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú hefur verið fellt að stofna fiskiræktarfélag við fiskihverfi, en yfir einni eða fleiri ám í fiskihverfinu vofir, að dómi veiðimálanefndar, veruleg rýrnun eða ger-eyðing fiskistofnsins, og er þá þeim mönnum, er veiðirétt hafa í á þessari og fiskifarvegi hennar til sjávar, heimilt að stofna fiskiræktarfélag fyrir það veiðisvæði samkvæmt ákvæðum laga þessara, að fengnu samþykki veiðimálanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. marz 1946.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.***L Ö G**

um eyðingu svartbaks.

9

11. marz

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. marz 1946.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.***L Ö G**

um lestagjald af skipum.

10

2. apríl

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 101 20. des. 1945, hef látið fella texta þessara laga inn í meginmál laga um lestagjald af skipum, nr. 37 27. júní 1921, og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hér á landi, skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 aura gjald á ári af brúttósmálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.